

Garðabær

Pósthólf 40
212 Garðabær



Reykjavík, 13. mars 2019

Tilvísun: 1810323 / 05.02

Efni: Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.


Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2019.

Alls bárust 143 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.283.998.797,-. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 40 umsóknir. Til úthlutunar voru kr. 504.800.000,-.

Hér með tilkynnist að því miður reyndist ekki unnt að verða við umsókn yðar vegna ofangreindra takmarkana. Frekari upplýsingar um umsóknina er að finna í þjónustugátt Ferðamálastofu undir „gæðamatsblað úthlutun 2019“.

Samkvæmt 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar. Beiðni um rökstuðning skal senda í gegnum þjónustugátt Ferðamálastofu á þar til gerðu eyðublaði.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

